

Fundur 29.1.2024 Olgeir Möller, gamall félagi.

Komið öll heilir og sælir félagar.

*Já komdu sæll.*

Gleður mig að komast í sambandið.

*Er það Haukur.*

Nei, get ég, hann er, hann sendir bestu kveðjur og er hér nálægt og mun reyna að koma fljótlega, hann er mjög ánægður að finna fyrir dóttur sinni og þau eru hér bæði.

Og þetta er Olgeir Möller.

*Blessaður, blessaður Olgeir.*

*Blessaður þú hreyfir í orkunni.*

Já já, mér líður alveg þrýðilega, mér líður vel hérna og get ekki verið lengi, það eru mörg sambönd, ætlaði að segja ykkur frá ættfræðinni og vil endilega, já já þið hafið skilað kveðju til fjölskyldu minnar vil ég, þykist ég vita.

Já ég hringdi í Edda.

Já já og var það ekki ánægjulegt að,

*Jú, hann tók þessu nú með fyrirvara, fannst mér.*

Já. Þeim fannst nú sumum að ég væri soldið skríttinn að sinna þessu, en það er nú eins og það er.

*Já já.*

En þú stendur þig vel í reglunni, er það ekki ?

*Jú jú svona alveg hæfilega svona.*

Já já. Já ég ætlaði líka að segja frá því hve ég er orðinn hressari hér, bið ég ykkur að lýsa ánægju minni hvað þið eruð samheldin og haldið fast í, svo mikilvægt að þið fáið orkuna héðan frá okkur og hvert frá öðru.

Já ég held nú að Haukur fari bráðum að gera vart við sig, ég vona það, og það eru hér margir aðrir gamlir félagar og ættingjar en við sjáum til.

Ég er nú ekki staddur á sama hnetti og hún frænka mín sem talar oft til ykkar, en ég er í góðum samskiptum við þau sem eru þar og forvitni mín mikil og hef fengið að sjá fegurðina sem er þar, enn meiri.

Og já gott að finna að kroppurinn er kominn í lag og mikilvægt, hef frá mörgu að segja en já hann gladdist nú af því að fá af mér fréttirnar, er það ekki.

*Já jú jú það var ekki annað að merkja, en hann tók því svona með fyrirvara.*

Já já en það kann kannske að skynja eitthvað samt.

*Já gæti verið.*

Alla vegana þá fylgist ég vel með ykkur og er ekkert farinn að minnka áhuginn og óska ykkur hins besta og vil að starfið haldi áfram og skili árangri.

*Já við óskum líka þér alls hins besta.*

Hann Emil vill nú gjarnan koma í sambandið, hann Emil Kaaper.

*Já já.*

Veit ekki hvenær það verður, reyni að styrkja hann til þess, og Helgi, Helgi bíður líka síns tíma, það er ýmislegt sem hann vill segja, en það var gott að heyra í ykkur aftur og vil nú ekki tefja meira.

Þakka fyrir og verið þið öll blessuð og sæl.

*Þakka þér fyrir komuna og vertu sæll.*